

Nd. **229. Frumvarp til laga** [113. mál]
um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.
a. Ákvæði 3. töluliðs 1. málsg. 6. gr. laganna falli niður.
b. Í 2. málsg. 6. gr. falli niður orðin „óflekkað mannorð og“.

2. gr.
Lög þessi taka gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Frv. þetta er borið fram samfara frv. á þskj. 217, um breytingu á almennum hegningarlögum. Í greinargerð fyrir því frv. eru reifuð þau sjónarmið, sem liggja til grundvallar þessu frv., og þykir mega vísa þangað, sbr. III. kafla d. í greinargerðinni.

Ef óflekkað mannorð er fellt niður sem kosningarréttarskilyrði og kjörgengis við sveitarstjórnarkosningar, svo sem lagt er til í frv. þessu, þá hefur það áhrif á lög, sem tengja kosningar í nefndir við kjörgengis- eða kosningarréttarskilyrði laga nr. 81/1936. Svo er þessu t. d. háttað um sýslunefndir, sbr. l. 12/1927, 31. gr., og um einstakar nefndir, sem kosnar eru af sveitarstjórnnum, svo sem niðurjöfnunarnefndir, sbr. l. 66/1945, 17. gr., barnaverndarnefndir, sbr. l. 29/1947, 6. gr. o. fl., sjá einnig t. d. l. 19/1948, 60. gr., um forðagæzlumenn.